

Starfslýsing, UT-ráðgjafi

Starf

UT-ráðgjafi

Næsti yfirmaður

Skólameistari

Starfshlutfall

27 klst. á önn

Tilgangur og markmið starfs

Meginmarkmið starfs UT-ráðgjafa er að þeir séu leiðandi í notkun upplýsingatækni, fylgist með nýjungum og veiti kennurum og nemendum stuðning og aðstoð.

Helstu verkefni

- Vera leiðandi í notkun upplýsingatækni í kennslu
- Fylgjast með nýjungum og tækniframförum
- Vera í góðum samskiptum við UT-ráðgjafa í öðrum skólum
- Deila þekkingu með öðrum starfsmönnum
- Skipuleggja og halda utan um Menntabúðir í MA í samvinnu við þjónustustjóra tölvumála
- Veita kennurum og nemendum stuðning og aðstoð. UT-ráðgjafar styðja og styrkja kennara í að nota upplýsingatækni til góðs í kennslu. Nemendur aðstoðaðir við að ná góðri almennri tölvuþekkingu sem nýtist þeim í námi og starfi að útskrift lokinni
- Sinna viðveru á bókasafni þar sem nemendur og starfsfólk getur leitað aðstoðar
- Veita kennurum einstaklingsaðstoð þegar þörf er á

Ábyrgð

UT-ráðgjafi ber ábyrgð á að verkefni hans eða í hans umsjá verði framkvæmd og innan þess fjárhags- og tímaramma sem hefur verið áætlaður og samþykktur. Hann skal vinna verk sín af trúmennsku og í góðu samstarfi við samstarfsfólk. Hann skal sjá um að verkefnin séu vel af hendi leyst, þau séu í samræmi við stefnu skólans, lög og reglugerðir ásamt öðrum reglum sem skólinn setur sér og starfsmönnum sínum.

Menntun, reynsla og hæfni

Starfsfólk framhaldsskóla skal hafa hreint sakavottorð skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008.

Starfslýsing, UT-ráðgjafi

Annað

UT-ráðgjafa er skylt að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi. Hann skal koma stundvíslega til starfa og gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu og forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu og utan þess sem honum er til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á starfið eða starfsgreinina, sbr. 14. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Skylt er UT-ráðgjafa að hlýða löglegum fyrirskipunum skólameistara um starf sitt, sbr. 15. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Áður en UT-ráðgjafi stofnar til atvinnurekstrar eða hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi ber honum að skýra skólameistara frá því, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

UT-ráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi sbr. 20. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.